



Teitur Jónsson, bréf til Bjarna Benediktsson frá Rafmagnsstjóranum í R. 13. mars 1933

Bjarni Benediktsson – Teitur Jónsson, bréf til Bjarna Benediktsson frá Rafmagnsstjóranum í R. 13. mars
1933 – Rafmagnsviðskiftum – Misskilningur – Lindargötu – Laugaveg 18 – Skólavörðustíg 11 -
Lokunartilkyning

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 13. mars 1933.

Sem svar við brjefi yðar, dags. 10. mars s.l., viðvíkjandi meintum rafmagnsviðskiftum við rafmagnsveituna, tjái eg yður hjer með þakklæti mitt fyrir upplýsingar í brjefi yðar og bið yður jafnframt að afsaka þann misskilning sem komist hefir inn hjá innheimtumanninum vegna rafmagnsreiknings með yðar nafni, sem nú er upplýst að var á annan mann, alnafna yðar. Okkur til afsökunar leyfi eg mjær hjer með skýra frá hvernig atvik lágu til misskilningsins.

Reikningurinn var fyrir rafmagnsnotkun á Lindargötu á nafn notandans Bjarna Benediktssonar; þegar innheimtumaður kom þar síðast, var maðurinn farinn, en í húsinu var það upplýst, að hann myndi að hitta á Laugaveg 18. Þegar innheimtumaðurinn kom þangað var honum vísað á Skólavörðustíg 11. Þegar reikningurinn var sýndur þar, þótti hann grunsamlega hár en að öðru leyti ekki athugaverður.


Hinn rjetti eigandi skuldarinnar er nú farinn til sjós og er því ekki skráður sem rafmagnsnotandi lengur hjá okkur, en hinsvegar mun hann hafa borðað hjá systur sinni á Laugaveg 18 um tíma, eftir að hann fór af Lindargötunni.

Er þá sýnt að misskilningurinn liggur í því að farið var nafna vilt á Laugaveg 18.

Viðvíkjandi lokunartilkynningunni langar mig til að taka það fram að auðvitað á hún aðeins við mæli þann á Lindargötunni sem notandinn hafði þar og sem nauðsynlegt var að lokað yrði fyrir til þess að fá í lag óreglu þá sem komst á notkunina þar, við það að notandi fór, án þess að tilkynna. Oftast nær merkja þessar tilkynningar samskonar óreglu, en þer alls ekki að skoða sem aðdróttun um vanskil eða b.h.

Er þjer athugið það, sem hjer er fram fært til skýringar, vona eg að þjer virðið þetta alt til betri vegar fyrir okkur.

Virðingarfylst,



Herra

cand. juris Bjarni Benediktsson,
Laugaveg 18.